

## Jónína Bjartmarz, lögmaður, athafnakona, fyrrv. alþingismaður og ráðherra – 70 ára



Eldri sonurinn Birnir Orrri, Anna Margrét og dóttir þeirra, Júlía Rún.



Yngri sonurinn Ernir Skorri, Harpa og börn þeirra, Pétur Úlfar og Móey.

# Amma Jóna umfram allt

**J**ónína Bjartmarz fæddist 23. desember 1952 í Reykjavík. „Ég ólst upp í stóra Hverfinu, Bústaða- og Smábúðahverfinu, nánar tiltekið Akurgerði 52.“ Ég var nokkur sumur í sveit á Hvítárbakka í Bæjarsveit og eitt sumar á Hofsósi.“

Jónína gekk í Breiðagerðisskóla og Réttarholtsskóla. lauk stúdentsprófi frá KHÍ 1974 og var eitt ár skiptinemi í útjaðri Buffalo í New York fylki. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá HÍ 1981 og öðlaðist hdl.-réttindi 1984.

Jónína var skrifstofustjóri Lögmannafélags Íslands 1978-81, fulltrúi hjá bæjarfógetanum í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi og sýslumanninum í Kjósarsýslu 1981, fulltrúi hjá yfirborgarfógetanum í Reykjavík 1982 og hjá bæjarfógetanum á Ísafirði og sýslumanni Ísafjarðarsýslu 1982-84 og fulltrúi á lögfræðiskrifstofu Páls Arnórs Páls-sonar hrl. og Stefáns Páls-sonar hrl. í Reykjavík 1984-85. Hún starfrækti, ásamt manni sínum, Lögfræðistofuna ehf. í Reykjavík 1985-2000.

Jónína var alþingismaður Reykjavíkur fyrir Framsóknarflokkinn 2000-2003, og Reykjavíkur suður 2003-2007, var umhverfisráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda



Hjónin Jónína og Pétur Þór stödd í Nepal á ferðalagi um Tíbet og Nepal.

2006-2007, sat í utanríkismálanefnd 2000-2006 og var varaformaður hennar 2003-2004, sat í landbúnaðarnefnd 2000-2003, heilbrigðis- og trygginganefnd 2000-2006 og formaður hennar, sat í félagsmálanefnd 2000-2003, allsherjarnefnd 2000-2006 og varaformaður hennar, sat í kjörbréfanefnd 2000-2003, í

efnahags- og viðskiptanefnd 2006, í Íslandsdeild ÖSE-þingsins 2000-2001, Íslandsdeild NATO-þingsins 2001-2003 og Íslandsdeild Norðurlandaráðs 2003-2006 og formaður hennar, auk þess sem hún var varaforseti Norðurlandaráðs 2005-2006.

Jónína var formaður Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra

1996-2004 og var formaður Nordisk kommitté sem er samstarfsvettvangur systursamtaka Heimilis og skóla á Norðurlöndum. Hún var einn af stofnendum og fyrsti formaður FKA, Félags kvenna í atvinnurekstri 1999-2002, var formaður nefndar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir í fíkniefnamálum 1998-99, sat í stjórn Landssíma Íslands hf. 1998-2002, formaður verkefnisstjórnar um heilsufar kvenna 2001-2006, formaður nefndar um endurskilgreiningu verksviða LSH og FSA 2003-2006, í sérnefnd um stjórnarskrármál 2004-2007 og sat í nefnd um Evrópumál 2004-2007.


Jónína hefur frá árinu 2013 rekið ferðaþjónustufyrirtæki ásamt fleiri konum. Jónína er formaður Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins, er formaður Atvinnurekendadeildar og Alþjóðanefndar FKA, Félags kvenna í atvinnulífnum og félagi í Rótaryklúbbum Reykjavík - Breiðholt.

„Á þessum vettvangi fæ ég útrás fyrir félagsmálin. Ég les líka mikið, einkum bókmenntir, sögu og rannsóknarlögreglureyfara.“


Loks höfum við hjónin ferðast mikið til Asíu og víðar á undanförunum árum og búið meira og minna í Bretlandi og Spáni.“

Jónína heldur upp á afmælis-





## Ætt Jónínu Bjartmarz



daginn heima og byrjar hann með bröns í góðum hópi kvenna í hádeginu.

### Fjölskylda

Jónína giftist 16.10. 1976 Péttri Þór Sigurðssyni, f. 29.3. 1954, hæstaréttarlögmanni. Þau eru búsett í Garðabæ. Foreldrar Péturs Þórs voru hjónin Sigurður Sigfússon (kjörfaðir), f. 7.8. 1918, d. 8.1. 1997, húsasmíðameistari og fasteignasali í Reykjavík, og Bára Sigrún Björnsdóttir, f. 19.2. 1930, d. 31.12. 2011, húsfreyja.

Synir Jónínu og Péturs Þórs eru 1) Birnir Orri, f. 25.6. 1985, tryggingaráðgjafi, BA í evrópskum stjórnmálafræðum frá Nottingham og í heimspeki og kínverskum fræðum frá HÍ. Eiginkona hans er Anna Margrét Ingólfsdóttir, f. 12.5. 1987, félagsráðgjafi, MA í félagsráðgjöf og dóttir þeirra er Júlía Rún, f. 26.7. 2022. Þau eru búsett í Reykjavík; 2) Ernir Skorri, f. 27.2. 1989, fram-

kvæmdastjóri, MA í lögfræði frá HÍ, sambyliskona hans er Harpa Guðlaugsdóttir, f. 27.12.1989, viðskiptafræðingur frá HÍ, MA í stafrænum viðskiptum frá Barcelona. Börn þeirra eru Pétur Úlfar, f. 7.11. 2015 og Móey, f. 11.10. 2018. Þau eru búsett í Reykjavík

Bræður Jónínu eru Óskar Bjartmarz, f. 14.3. 1956, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, búsettur í Kópavogi; Jón Friðrik Bjartmarz, f. 27.8. 1957, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, búsettur í Reykjavík og Björn Bjartmarz, f. 23.4. 1962, lögreglufulltrúi hjá héraðssaksóknara, búsettur í Reykjavík.

Foreldrar Jónínu voru hjónin Björn Stefán Bjartmarz (kjörfaðir) f. 17.5. 1930, d. 17.3. 2012, fulltrúi hjá Íslenskri endurtryggingu hf. í Reykjavík, og Helga Elsa Jónsdóttir, f. 16.8. 1931, d. 25.10. 2020, fulltrúi á skrifstofu lögreglustjórans í Reykjavík.